

Fimmtudaginn 2. nóvember 1989.

Nr. 406/1989. **Sigrún Guðmundsdóttir**

gegn

Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Með bréfi 17. október 1989 hefur sóknaraðili skotið „réttar-synjun“ Ragnars Halldórs Hall, skiptaráðanda í Reykjavík, til Hæstaréttar. Slík kæra er heimil samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir að kærubréf sóknaraðila barst skiptaráðandanum, kvað hann 19. október 1989 upp svofelldan úrskurð:

„Beiðni Sigrúnar Guðmundsdóttur, kennit. 23.05.50-4929, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað.“

Úrskurður þessi var án forsendna. Eftir orðalagi framangreinds bréfs frá 17. október leit skiptaráðandi svo á, að því væri einnig ætlað að ná til kæru þessa úrskurðar, og hefur sent Hæstarétti svofelldar forsendur hans:

„Hinn 17. október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, eiginmaður greiðslustöðvunarbeiðanda, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði henni greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldprotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli Birgis, sem einnig hafði meðferðis hliðstæða beiðni fyrir sjálfan sig, vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka báðar beiðnirnar aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áður nefndur lögmaður komið með hana. Afhending þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Samkvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Sigrúnu Guðmundsdóttur, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita henni nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað.“

Hinn 31. október 1989 barst Hæstarétti greinargerð frá lögmanni sóknaraðila. Verður að skýra hana svo, að haldið sé fast við kæru vegna réttarsynjunar og þess einnig krafist, að framangreindur úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur verði felldur úr gildi og sóknaraðila veitt um beðin heimild til greiðslustöðvunar. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Af hálfu skiptaráðanda eru ekki hafðar uppi kröfur í málinu.

Í framangreindum forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að skiptaráðandi taldi eiginmann sóknaraðila hafa fallið frá beiðni hennar um heimild til greiðslustöðvunar 17. október, er honum hafði verið leiðbeint um réttarreglur í því efni. Þessari staðhæfingu hefur ekki verið hnekkt. Er beiðni um heimild til greiðslustöðvunar var ítrekuð, var hún tekin til úrskurðar og hinn kærði úrskurður kveðinn upp. Ekki verður á það fallist, að skiptaráðandi hafi við meðferð þessa máls gert á hluta sóknaraðila.

Samkvæmt 10. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður úrskurði skiptaréttar, þar sem synjað er um heimild til greiðslustöðvunar, ekki skotið til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila er vikið að ætluðum ávirðingum fulltrúa yfirborgarfégetans í Reykjavík við framkvæmd nauð-

ungaruppboðs á íbúð sóknaraðila og eiginmanns hennar 19. október 1989. Þessar ætluðu ávirðingar fulltrúans koma ekki til álita í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. október 1989.

Hinn 17. október 1989 kom Birgir Helgason, Kleppsvegi 26, Reykjavík, eiginmaður greiðslustöðvunarbeiðanda, í skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík og sýndi þar greiðslustöðvunarbeiðni, sem hann hafði meðferðis. Var þess þar beiðst, að skiptaréttur Reykjavíkur heimilaði henni greiðslustöðvun í fjóra mánuði samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978. Í beiðni þessari kom fram, að Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður myndi verða greiðslustöðvunarbeiðanda til aðstoðar, yrði um beðin heimild veitt.

Í beiðninni kom fram, að greiðslustöðvunarbeiðandi hefði fengið sams konar heimild á árinu 1988. Var athygli Birgis, sem einnig hafði meðferðis hliðstæða beiðni fyrir sjálfan sig, vakin á ákvæði lokamálsliðar 7. gr. laga nr. 6/1978, og ákvað hann þá að taka báðar beiðnirnar aftur.

Hinn 18. október 1989, er skiptaráðandi kom í skrifstofu sína úr þinghaldi í dómsal, lá þar fyrir hin sama greiðslustöðvunarbeiðni, og hafði áður nefndur lögmaður komið með hana. Afhending þessara gagna í skrifstofu skiptaráðanda verður ekki skýrð á annan veg en þann, að krafist sé úrskurðar um, hvort um beðin heimild verði veitt eða ekki.

Sakvæmt lokamálslið 7. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, má ekki heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimilud greiðslustöðvun á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Greiðslustöðvunarbeiðanda, Sigrúnu Guðmundsdóttur, var veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 23. júní 1988. Sú heimild var framlengd um tvo mánuði með úrskurði réttarins, upp kveðnum 23. september 1988. Samkvæmt því er óheimilt að veita henni nú hina um beðnu heimild, og er beiðninni synjað.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni Sigrúnar Guðmundsdóttur, kennit. 23.05.50-4929, um heimild til greiðslustöðvunar er synjað.